



Barnamenningarsjóður Íslands

Styrkt verkefni 2022

Umsækjandi	Titill	Úthlutuð upphæð
Anna Kolfinna Kuran	Feminískt Reif	1.760.000
Austurbrú ses.	Ég um mig frá mér til ÞÍN	4.000.000
Eva Rún Þorgeirsdóttir	Sögusmiðjan - klúbbur fyrir skapandi krakka	1.300.000
Félag um Ljóðasetur Íslands	Barnamenning á Ljóðasetri	906.000
Foreldrafélag Drengjakórs Rvík	Syngjandi strákar í 30 ár - 30 ára afmælistónleikar Drengjakórs Reykjavíkur	300.000
Forvitnissakir, félagasamtök	Barnabærinn - Draumasamfélag	4.000.000
Grundarfjarðarbær	Listsköpun og menning á sumarnámskeiði barna í Grundarfirði	2.000.000
Heimildarmyndahátíðin Skjaldborg	Skjaldbakan	3.500.000
Hinsegin dagar í Reykjavík - Reykjavík Pride	Litróf - sköpunarkraftur hinsegin ungmenna	2.300.000
Hringleikur - sirkuslistafélag	MegaWhat? - vísindi og sirkus mætast í Elliðaárstöð	3.110.000
IBBY á Íslandi, félag	Sögur - Skapandi skrif og Sögur - Verðlaunahátíð barnanna	2.000.000
Kammerhópurinn Reykjavík-Barokk	Láttra-Björg í heimabyggð - Sjókonur og snillingar	1.500.000
Kvikmyndafélag ungmenna	Hátíð og vinnubúðir á vegum KHF	5.000.000
Listasafn Árnesinga	Smiðjuþræðir / 6 listamenn	6.000.000
Listasafn Einars Jónssonar	Undraheimar Listasafns Einars Jónssonar	4.350.000
Listasafn Íslands	Listræn sköpun eflir náttúruvitund	5.300.000
Listasafn Reykjavíkur	Safnið okkar - afmælisveisla	2.000.000
Menningarfélag Akureyrar ses.	Fiðringur á Norðurlandi	1.350.000
Menningarfélagið Hneykslist	RVK Fringe 2022	1.450.000
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	Fjaðrir, fjör, fornmunir og Fablab	1.700.000
Náttúruminjasafn Íslands	List og lífbreytileiki	3.360.000
Northern Wave, félagasamtök	Barna- og unglingshátíð Northern Wave	1.000.000
O.M.A.H.A.I.	Rewriting Stories of War into Stories of Peace	4.800.000

Orgelhúsið, félagasamtök	Orgelkrakkahátíð	700.000
Pera Óperukollektíf, félagasamtök.	Óperu- og söngverkefni á Óperudögum 2022	4.500.000
Reykjanesbær / Fjörheimar félagsmiðstöð	Listasmiðja Reykjanes	2.000.000
Reykjavíkurborg	BIG BANG tónlistarhátíð fyrir unga áheyrendur	4.000.000
Safnasafnið	Fjórvið virkni	614.000
Stelpur rokka!, félagasamtök	Miðlunarsmiðjur Stelpur rokka!	600.000
Sviðslistamiðstöð Íslands (SLM)	Sviðslistir fyrir alla	6.000.000
Tónagull ehf.	Fjölskyldueflandi tónlistarstundir á úkraínsku og pólsku	3.100.000
Tónskáldafélag Íslands	Barnaverkefni Norrænna músíkdaga	600.000
ÞYKJÓ ehf.	Sendum tónlist út í geim!	5.800.000
Ösp Eldjárn Kristjánsdóttir	TónaTrít! á menningarTölti	1.100.000

Nánar um styrkt verkefni:

Anna Kolfinna Kuran – kr. 1.760.000 – Feminískt Reif

í samstarfi við Litlu systur og Reykjavík Dance Festival

Feminískt Reif er dansverk samið af Önnu Kolfinnu Kuran í nánu samstarfi við meðlimi Litlu Systur auk fleiri ungmenna á aldrinum 13-18 ára. Verkið verður flutt á Reykjavík Dance Festival í nóvember nk. Markmiðið að skapa feminíska útöpiu þar sem öll upplifa sig örugg og frjáls óháð kyni eða bakgrunni. Verkið er samansuða af reifi og dansverki þar sem ungmennin flytja kraftmikinn dans af mikilli innlifun við taktfasta elektróníska tónlist og taka þau þátt í öllum þáttum verksins; skipulagningu, listsköpun, flutningi og framkvæmd.

Austurbrú – kr. 4.000.000 – BRAS – Ég um mig frá mér til ÞÍN

í samstarfi við fjölbreytt teymi listamanna, skóla og helstu menningarstofnanir á Austurlandi

BRAS er menningarhátíð fyrir börn og ungmenni, sem í ár ber yfirskriftina „Ég um mig frá mér til ÞÍN“. Inntak hátíðarinnar miðar að því að styrkja sjálfsmynd barna og ungmenna í gegnum listir og menningu eftir að hafa þurft að kljást við einangrun í faraldri sem hefur haft áhrif á sjálfsmynd okkar allra. Sérstök áhersla verður lögð á að vinna með menntuðu austfirsku listafólki, af fjölbreyttum uppruna, sem býður uppá vinnusmiðjur í ólíkum listgreinum.

Barnamenningarhátíð í Reykjavík & Tónlistarborgin Reykjavík – kr. 4.000.000 – BIG BANG í samstarfi við Hörpustrengi og List fyrir alla

BIG BANG er evrópsk tónlistarhátíð fyrir unga áheyrendur sem fá að upplifa fjölbreytta og metnaðarfulla efnisskrá er samanstendur af tónleikum, innsetningum og tónlistartengdum smiðjum undir handleiðslu fagfólks í tónlist. Sérstök áhersla er lögð á tilraunakennda tónlistarviðburði, tónlistarfólk og tónskáld sem sjá ævintýrið í tónlistarsköpun sinni og vilja leita frjórna leiða til að kynna tónlist fyrir börnum og deila með þeim sviðinu.

[Eva Rún Þorgeirsdóttir/Borgarbókasafn – kr. 1.300.000 – Sögusmiðjan, klúbbur fyrir skapandi krakka í samstarfi við Reykjavíkurborg - Borgarbókasafn](#)

Sögusmiðjan er vikulegur rit- og teikniklúbbur fyrir 9-12 ára börn. Í smiðjunum fá þau leiðsögn í ritlist og myndlýsingu ásamt því að kynna bókafninu sem stað innblásturs og sköpunar. Markmiðið er að hvetja börn til skapandi hugsunar, efla sjálfstraust þeirra í gegnum skapandi vinnuferli, vekja áhuga þeirra á lestri og bókmenntum og að þau finni sig örugg á bókafninu.

[Foreldrafélag Drengjakórs Reykjavíkur – kr. 300.000 – Syngjandi strákar í 30 ár](#)

Syngjandi strákar í 30 ár eru afmælistónleikar Drengjakórs Reykjavíkur en kórinn fagnaði 30 ára starfsafmæli árið 2020. Vegna heimsfaraldurs var ekki hægt að halda upp tímamótin á afmælisárinu. Tónleikarnir verða haldnir þann 4. júní nk. og munu bæði atvinnutónlistarmenn og fyrrum kórmeðlimir ganga til liðs við kórinn á tónleikunum.

[Forvitnissakir - félagasamtök – kr. 4.000.000 – BarnaBærinn - Draumasamfélag](#)

BarnaBærinn - Draumasamfélag er vinnusmiðja þar sem börn á landsbyggðinni fá tækifæri til að breyta bænum sínum eftir eigin höfði. Þau fá að láta rödd sína heyrast og nota töl sviðslistanna til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Verkefnið er framhald lýðræðislega sviðslistaverkefnisins Krakkaveldis, sem sviðslistakonurnar Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir og Hrefna Lind Lárusdóttir hafa haldið utan um.

[Grundarfjarðarbær – kr. 2.000.000 – Listsköpun og menning, sumarnámskeið](#)

Á sumarnámskeiðum fyrir börn í Grundarfirði eru listir og menning þemað. Þar fá þátttakendur í 1. – 4. bekk að kynna vinnu og starfi listamanna í sínu nánasta umhverfi og fá að skapa sjálf. Markmiðið er að kynna fjölbreyttri listsköpun, bæði hvað varðar efni og tjáningu, og nýta til eigin listsköpunar. Þannig eflist víðsýni, sjálfstraust, skynjun og samvinna. Unnið verður út frá einstaklingsbundinni getu og áhuga barnanna sjálfra.

[Heimildamyndahátíðin Skjaldbakan – kr. 3.500.000 – Skjaldbakan](#)

Í samstarfi við Heimildamyndasamsteypuna, Kvikmyndamiðstöð Íslands o.fl. Skjaldbakan skriður um landið og býður upp á námskeið í heimildamyndagerð. Hún býður krökkum að horfa í kring um sig og skoða sitt nærumhverfi og sinn hversdagsleika í gegnum nýja linsu. Verkefnið gefur þeim tækifæri til að varpa sínum hugarheim á hvíta tjaldið og upplifa sig sem höfund verks í sal fullum af áhorfendum. Skjaldbakan vinnur með börnum á Patreksfirði, Seyðisfirði og í Reykjavík og býr þannig til tengingar þvert yfir landið.

[Hinsegin dagar í Reykjavík – Kr. 2.300.000 – Litróf; sköpunarkraftur hinsegin ungmenna](#)

Litróf - sköpunarkraftur hinsegin ungmenna gefur hinsegin börnum og ungmennum færi á að þróa listræna hæfileika sína, koma hugmyndum sínum á framfæri og kafa ofan í sjálfsmynd sína. Þátttakendur eru hinsegin ungmenni sem verja sumrinu í að þróa listræn sköpunarverk og nýta hæfileika sína á þeim listrænu sviðum sem þau kjósa að einbeita sér að. Afraksturinn eykur sýnileika hinsegin ungmenna á Hinsegin dögum í ágúst og gerir barnamenningu hærra undir höfði innan hinsegin samfélagsins.

Hringleikur – sirkuslistafélag – kr. 3.110.000 – Mega What? í samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur

MegaWhat? er sviðslista- og þátttökuviðburður þar sem áhorfendur upplifa eðli náttúruaflanna í gegnum sirkuslistir. Sirkuslistafélagið Hringleikur setur upp staðbundna sirkussýningu, innblásna af tengslum sirkuslista við vísindin og náttúruöflin. Sýningarvettvangurinn verður fjölbreytt rými og umhverfi gömlu rafstöðvarinnar í Elliðaárdal. Að sýningu lokinni fá börn og fjölskyldur sjálf að gera tilraunir með sirkusáhöld í skapandi vísinda-sirkussmiðju sem þróuð er í samstarfi sirkuslistafólks og vísindafólks OR.

IBBY á Íslandi – kr. 2.000.000 - Sögur - Verðlaunahátíð barnanna

Í samstarfi við Reykjavíkurborg, List fyrir alla, RÚV o.fl. Við erum umvafin Sögum, þær eru í tónlistinni sem við hlustum á, leiknar á leiksviðum landsins, til sýninga í kvikmyndahúsum og sjónvarpi og auðvitað í bókum sem við lesum og sögunum sem við segjum. Markmið Sagna er að lyfta verkum barna og sýna þeim hvað getur orðið úr hugmyndum þeirra. Hefja upp íslenskuna sem skapandi tungumál og styrkja börn í að nýta tungumálið á fjölbreyttan h

Kammerhópurinn ReykjavíkBarokk – kr. 1.500.000 – Látra-Björg í heimabyggð

Í samstarfi við leikfélagið Fljúgandi fiska, grunnskóla Dalvíkurbyggðar o.fl. Látra-Björg í heimabyggð – Sjókonur og snillingar er samstarfsverkefni Kammerhópsins Reykjavík-Barokk, leikfélagsins Fljúgandi fiska og listakvenna úr ýmsum áttum. Verkefnið er tónleikhús og vinnustofur, og er ætlunin að gefa börnum sem alast upp á heimaslóðum Bjargar Einarsdóttur, Látra-Bjargar, tækifæri til að kynna sögu hennar og kveðskap auk íslenskar kveðskaparhefðar og tónlistar listakvenna fyrri alda.

Kvikmyndafélag ungmenna – kr. 5.000.000 – Hátíð og vinnubúðir KHF

Í samstarfi við Bíó Paradís og Kvikmyndamiðstöð Íslands.

Kvikmyndahátíð framhaldsskólanna – KHF miðar að því að styrkja ungt fólk í að virkja sköpunarkraft sinn við gerð kvikmynda og auka skilning á þessu margbrotna tjáningarformi, sem og getu til að nýta sér það. Nú stendur til að útvíkka hátíðina með markvissum hætti, opna hana fyrir vinningsmyndum ungmenna af landsbyggðinni ásamt öðrum völdum myndum. Jafnframt verður boðið upp á vinnubúðir í kvikmyndagerð fyrir nemendur í 10. bekk grunnskóla þar sem unnið verður með þemað „mínútumyndir“.

Listasafn Árneseinga – Kr. 6.000.000 – Smiðjuþræðir

Listasafn Árneseinga mun með þessu verkefni keyra út færanlegar listasmiðjur til skóla í Árnessýslu. Unnið verður með sex listamönnum sem koma úr mismunandi áttum. Myndlistarmenn, hönnuður, textillistamaður, hreyfimyndalistamaður og tónlistarmaður koma að verkefninu og flest þeirra búa á Suðurlandi. Unnið verður með hugmyndir um íslenska menningararfleifð, fjölmeningu, endurnýtingu á efniviði og náttúruna á Suðurlandi.

Listasafn Einars Jónssonar – kr. 4.350.000 – Undraheimar Listasafns Einars Jónssonar

Með verkefninu verður stafræn tækni notuð til að opna sjónrænan undraheim fyrsta myndhöggvara landsins og safn hans, þannig að listaverkin og rýmið, Hnitbjörg, verði aðgengilegt börnum óháð búsetu. Með því að gefa börnum kost á að skoða safnið í sýndarheimi, frá stafrænu sjónarhorni, opnast fyrir nýja túlkunarmöguleika og skilning á Listasafni Einars Jónssonar og undraheimi þess. Verkefnið er áframhald þróunarverkefnisins Stafrænar stytur.

Listasafn Reykjavíkur – Kr. 2.000.000 – Safnið okkar – Afmælisveisla

Í samstarfi við Víkurskóla o.fl. skóla

Listasafn Reykjavíkur er "safnið okkar" sem búum í borginni. Frá 1973 hefur það safnað um 17 þúsund listaverkum og á næsta ári er afmælisár - 50 ára! Af því tilefni eru börn og ungmenni boðin velkomin til að grúska í því sem varðveitt er, þau mega velja sér verk á sýningu, hjálpa okkur að setja verkin upp, finna leiðir til að segja frá verkunum, t.d. í texta, upptöku eða í samtali við aðra. Síðan er öllum skólum á höfuðborgarsvæðinu boðið að koma og skoða og upplifa.

Listasafn Íslands – kr. 5.300.000 – Litræn sköpun eflir náttúruvitund

Í samstarfi við Landvernd, Vísindasmiðju Háskóla Íslands o.fl.

Þverfaglegar listasmiðjur í Listasafni Íslands þar sem ný sýning í Safnahúsinu við Hverfisgötu verður vettvangur skapandi nálgunar og tengsla milli myndlistar og vísinda. Áhersla verður lögð á að efla skapandi, gagnrýna hugsun og vekja áhuga þátttakenda á fjölbreyttum málefnum sjálfbærni með getu til aðgerða að leiðarljósi. Unnið verður með valin verk úr safneign Listasafns Íslands og þau tengd við valin þemu vísindanna. Kennarar á smiðjunum verða bæði listamenn og vísindamenn.

Ljóðasetur Íslands – kr. 906.000 – Barnamenning á Ljóðasetri

Í samstarfi við Fjallabyggð, Umf. Glóa, Kómedíuleikhúsið og hljómsveitina Ástarpunga

Ljóðasetrið virkjar börn í Fjallabyggð í sumar til ýmissa skapandi verka m.a. með ljóða- og sögugerð, grímugerð, söng og listaverkasmíð. Í boði verða vikulegir viðburðir fyrir börn á aldrinum 5 - 12 ára, auk þess sem farið verður í samstaf við Ungmennafélagið Glóa um skapandi verkefnið Ævintýravíkur, þar sem listin verður fléttuð saman við fjöru- og skógarferðir.

Menningarfélag Akureyrar – Kr. 1.350.000 – Fiðringur á Norðurlandi

Fiðringur 2022 er hæfileikakeppni grunnskólanna á Norðurlandi í anda Skrekks. Verkefnið snýst um að byggja upp Fiðring til framtíðar og bjóða öllum grunnskólum Norðurlands til þátttöku frá Borðeyri til Bakkafjarðar 2023 með tilheyrandi undankeppnum.

Menningarfélagið Hneykslist – kr. 1.450.000 – RVK Fringe; æskulýðsdagskrá

Jaðarlistahátíðin RVK Fringe er hátíð sem fagnar fjölbreyttri list, svo sem leiklist, tónlist, sirkus og dansi, en einnig óvenjulegri og jaðarsettari listformum svo sem uppistandi, gjörningum, götulistaverkum og tölvuleikjum. Æskulýðsdagskrá hátíðarinnar hefur eflst mikið og í ár eru þemu viðburðanna allt frá dansgleði og hugsanalestri yfir í einmanaleika og eitraða karlmennsku.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar – kr. 1.700.000 – Fjaðrir, fjör, fornmunir og Fablab

Börnum og ungmennum á Hornafirði býðst að taka þátt í spennandi vinnustofum um myndlist og hönnun, þar sem unnið er með fjölbreyttum hópi atvinnuhönnuða og myndlistarfólks. Krakkarnir vinna með nýjustu tækni á Fablabi en kynnast jafnframt fornum hefðum og handverki í gegnum muni frá byggðasafninu og verk á Æðardúnssýningu í Svavarssafni, sýningu þar sem umhverfi, sjálfbærni og náttúra eru umfjöllunarefnið.

Náttúruminjasafn Íslands – kr. 3.360.000 – List og lífbreytileiki

Í samstarfi við BIODICE samstarfsvettvang um líffræðilegan fjölbreytileika

Hvaða lífverur leynast í mosa? En í jarðvegi, móa eða polli? Hvernig tengjast lífverur umhverfi sínu og öðrum lífverum? Hvað merkir líffræðileg fjölbreytni, og skiptir hún mig máli? Náttúruminjasafn Íslands og BIODICE (biodice.is) í samstarfi við fjölbreyttan og breiðan hóp listafólks eiga þverfaglegt og opinskátt samtal við börn og ungmenni um lífbreytileika og mikilvægi hans fyrir komandi

kynslóðir. Með þverfaglegu samtali vísinda og lista virkjum við ímyndunaraflíð, skoðum það sem við sjáum ekki með berum augum og nýtum það sem efnivið til sköpunar.

Northern Wave – kr. 1.000.000 – Barna- og unglingahátíð Northern Wave

Í samstarfi við Kára Viðarsson o.fl.

Northern Wave kvikmyndaátíðin skipuleggur metnaðarfulla kvikmyndadagskrá fyrir börn og unglunga á Vesturlandi, með áherslu á fjölbreyttar listasmiður þar sem reynir á ólíka þætti kvikmyndagerðar. Meðal þess sem boðið verður upp á er Super-8 krakkabíó, plakatasmiðja, skuggamyndasmiðja, hreyfimyndasmiðja og sundbíó.

O.M.A.H.A.I - félagasamtök – kr. 4.800.000 – Að umrita sögur um stríð í sögur um frið

Í samstarfi við Margréti Gísladóttur o.fl.

Að umrita sögur um stríð og gera þær að sögum um frið er verkefni sem miðar að því að tjá sögur barna úr minnihluta- og innflytjendahópum sem búa á Íslandi. Börnin eru hvött til að segja sögur sínar að heiman og skoða þær í gegnum upplifun sína af því að búa í annars konar menningu. Börnin fá leiðsögn í að þróa færni sem hjálpar þeim að uppgötva hæfileika sína og getu til að þróa sögunnar sínar áfram og endurskrifa þær í sögur vonar.

Orgelhúsið – félagasamtök – kr. 700.000 – Orgelkrakkahátíð

Í samstarfi við Hóladómkirkju, Listvinafélag Akureyrarkirkju, Tónlistarskóla A-Húnavatnssýslu o.fl.

Orgelkrakkahátíð er listgjörningur og tónlistarveisla fyrir börn á öllum aldri. Þátttakendur taka virkan þátt og fá að njóta undraheima orgelsins með hlustun, sköpun, smíði og fræðslu með það að markmiði að vikka sjóndeildarhringinn á tónlistarsviðinu. Orgelkrakkahátíð samanstendur af vinnusmiðjunum orgelspuna og tónleikum þar sem flutt verða frægustu orgelverk sögunnar ásamt tónlist úr þekktum kvikmyndum og flutningi á tónlistarævintýrinu Lítil saga úr orgelhúsi.

Pera Óperukollektíf – kr. 4.500.000 – Óperu og söngverkefni fyrir börn og ungmenni á Óperudögum í samstarfi við Hernig Operafestival o.fl.

Verkefnið er fjölþætt en markmið þess er að gera óperu og sönglistarformið aðgengilegt fyrir börn og unglunga. Með það að markmiði hafa aðstandendur hátíðarinnar Óperudaga þróað vandaða dagskrá fjölbreyttra söngviðburða fyrir börn. Meðal þess sem barnadagskráin býður upp á í ár eru gagnvirkir tónleikar og samtal um áleitn málefni á borð við umhverfis- og loftslagsmál, þar sem börn og unglingar fá tæki færi til að tjá sig í ljóðum, tónlist og myndlist.

Reykjanesbær – Fjörheimar, félagasmiðstöð – kr. 2.000.000 – Listasmiðja Reykjaness

Listasmiðja Reykjaness er verkefni sem býður börnum og ungmennum í Reykjanesbæ að taka þátt í listastarfi. Áhersla er lögð á skapandi nálgun og öruggt umhverfi fyrir listiðkun og félagsleg samskipti, sem stuðla að þátttöku og eru líkleg til að koma í veg fyrir félagslega einangrun, kvíða og þunglyndi. Hugmyndin að verkefninu tengist samstarfsverkefni við Vinnuskóla Reykjanesbæjar sl. sumar.

Safnasafnið – kr. 614.000 – Fjórvið virkni Í samstarfi við Svalbarðsstrandarhrepp o.fl.

Verkefnið Fjórvið virkni er hugsað til þess að auka þátttöku barna í sumarstarfi Safnasafnsins, í fyrsta lagi með því að efna til tveggja sýninga á verkum nemenda Svalbarðsstrandahrepps og bjóða yngri gestum safnsins upp á að skoða sýningar safnsins í gegnum Feluleik. Auk þess væri boðið upp á lífandi sýningu á gripum úr Bláa boxinu.

Sviðslistamiðstöð Íslands – kr. 6.000.000 – Sviðslistir fyrir alla Í samstarfi við List fyrir alla og Þjóðleikhúsið

“Sviðslistir fyrir alla” eru kvikmyndaðir þættir sem hafa það að markmiði að opna augu barna og ungmenna í grunnskólum um land allt fyrir fjölbreytileika sviðslista. Þar verður kíkt á bakvið tjöldin, rýnt í aðferðir og leyndardómar afhjúpaðir. Kynnt verða fjölbreytt störf og áhugaverðir listamenn af vettvangi sviðslista, með það að markmiði að dýpka upplifun og efla listlæsi barna bæði sem njótendur og þátttakendur í sviðslistum. Verkefninu verður miðlað gegnum Listveitu Listar fyrir alla.

Stelpur rokka! – kr. 600.000 – Miðlunarsmiðjur

Miðlunarsmiðjur Stelpur rokka! eru þróaðar út frá fyrra verkefni „Miðlunarlínu“ og byggja á sömu hugmyndafræði og starf Stelpur rokka! í tónlist. Í smiðjunum verður tvinnað saman fræðslu um félagslegt réttlæti og skapandi valdeflingu ungmenna. Smiðjurnar fara fram í rokkbúðum f. 13-16 ára í júní nk. ásamt 10 vikna dagskrá haustið 2022 f. 10-17 ára. Þátttakendur hafa val um áherslusvið: kvikmyndagerð, raftónlistargerð og upptökustjórn, ljósmyndun og hlaðvarpsgerð.

Tónagull ehf – Kr. 3.100.000 – Fjölskyldueflandi tónlistarstund

Í samstarfi við Hafnarborg, Gerðuberg o.fl.

Verkefnið felst í því að stuðla að fjölskyldueflandi tónlistarstundum fyrir barnafjölskyldur sem hafa úkraínsku og pólsku að móðurmáli. Byggt er á íslenski fyrirmynd að tónlistarstundum fyrir fjölskyldur sem kallast Tónagull og hafa verið í þróun síðan 2004. Reynsla er komin á pólska útfærslu Tónagulls þar sem unnið hefur verið með pólskan menningararf síðan 2019. Með þessu verkefni stendur til að gera það sama fyrir úkraínska menningarhefð í samstarfi við úkraínskumælandi tónlistarfólk.

Tónskáldafélag Íslands – kr. 600.000 – „Ungt fjölmiðlafólk“ á Norrænum músíkdögum 2022

Námskeiðið „Ungt fjölmiðlafólk“ hvetur ungt fólk til að móta sér skoðun á samtímatónlist og deila henni með öðrum. Námskeiðið kennir þeim gagnrýna hugsun og gildi hennar. Það er valdeflandi og sýnir ungu fólk að málefnaleg umræða skiptir máli og að raddir þeirra skipta máli.

ÞYKJÓ ehf – Kr. 5.800.000 – Sendum tónlist út í geim

Í samstarfi við Vísindasmiðju Háskóla Íslands, Hörpu tónlistarhús o.fl.

Sendum tónlist út í geim! er þverfaglegt þáttökuverkefni fyrir börn, innblásið af Gullplötunni „Sounds of Earth“ sem var send út í geim árið 1977 af NASA. Hópur hönnuða, vísindamanna og tónlistarfólks býður nú börnum um land allt í ferðalag um óravíddir tónlistarinnar, sem teygja sig út í geim og aftur heim. „Eiga geimverur plötuspilara? Hafa þær enn þá áhuga á Beethoven og Chuck Berry? Þurfa geimverurnar kannski að fá nýja plötu frá nýrri kynslóð? Hvaða tóna vilja börn á Íslandi senda þeim?“

Ösp Eldjárn Kristjánsdóttir – Kr. 1.100.000 – Tónatrítl

Í samstarfi við Dalvíkurbyggð, Minjasafnið á Akureyri, Safnahúsið á Húsavík o.fl.

Tónatrítl er hugljúf tónlistarstund ætluð börnum á aldrinum 0-5 ára og foreldrum þeirra. Um er að ræða 40-60 mínútna samverustund í söng, hreyfingu og dansi sem söngkonan og tónlistarkennarinn Ösp Eldjárn leiðir. Notast verður við íslenskar þulur og barnagælur sem og frumsamin lög og texta í bland við erlend, sem Ösp hefur þýtt og heimfært á íslenska vísu.